

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignasköttum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignaskattar.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- A) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 18.000.
 B) Móttökugjald í endurvinnslustöð á Dalvík er samkvæmt eftirfarandi töflu:

Móttökugjald rekstraraðila á endurvinnslustöð			
Flokkur	Áætlað magn allt að		Gjald kr.
A	100 kg	1,5 m ³	2.000
B	300 kg	4,5 m ³	6.000
C	600 kg	9,0 m ³	12.000
D	1.200 kg	18,0 m ³	24.000
E	2.400 kg	36,0 m ³	48.000
F	4.800 kg	72,0 m ³	96.000
G	9.600 kg	144,0 m ³	192.000

- C) Ekki er tekið gjald af móttöku á endurvinnanlegum bylgjupappa, pappa og pappír.
 D) Urðunargjald verði samkvæmt gjaldskrá Flokkunar ehf., á hverjum tíma, að viðbættu 10% umsýslugjaldi.
 E) Gjaldskrá Flokkunar ehf. er hluti af gjaldskrá þessari.
 F) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 112/2008 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, 5. febrúar 2009.

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri.